

Ár 2013, þriðjudaginn 26. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 4. mars 2013.

Í bréfinu eru tilkynnt að bréf frá Hveragerðisbæ um löggæslumál var komið á framfæri við Skrifstofu almannaöryggis.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Innanríkisráðuneytinu frá 13. mars 2013.

Í bréfinu sem er frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er endanlegt framlag vegna nýbúafræðslu á árinu 2013 kynnt.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Innanríkisráðuneytinu frá 14. mars 2013.

Í bréfinu sem er frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er endurskoðuð úthlutun vegna fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013 kynnt.

Lagt fram til kynningar.

1.4. Innanríkisráðuneytinu frá 18. mars 2013.

Í bréfinu sem er frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er heildaryfirlit yfir framlög sjóðsins árið 2012 kynnt.

Lagt fram til kynningar.

1.5. Kennarafélagi Suðurlands frá 13. mars 2013.

Í bréfinu sem er afrit af bréfi til Sveitarfélagsins Árborgar lýsir Kennarafélag Suðurlands yfir vonbrigðum með þá ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar að draga sig út úr samstarfinu um Skólaskrifstofu Suðurlands.

Lagt fram til kynningar.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. Beiðni um viðauka við fjárhagsáætlun frá Óskalandi.

Lögð fram beiðni frá Leikskólanum Óskalandi um viðauka við fjárhagsáætlun vegna launa við leikskólann.

Á fundinn mætti Gunnvör Kolbeinsdóttir skólastjóri leikskólans Óskaland.

Bæjarráð samþykkir að launaliður hækki um 400.000,-. Hækkunin skiptist á milli launa og launatengdra gjalda. Liðurinn 21-01-9980 lækki um tilsvarendi upphæð.

2.2. Starfsemi Félagsmiðstöðvar – Minnisblað.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra dagsett 22. mars 2013 vegna hugmynda um breytt fyrirkomulag á starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Skjálftaskjól.

Tillögurnar samþykktar og bæjarstjóra falið að segja upp þeim ráðningarsamningnum sem í gildi eru vegna félagsmiðstöðvar.

3. Tæknileg málefni:

3.1. Þróun flokkunar sorps í Hveragerði.

Lögð fram greinargerð frá Umhverfissviði Íslenska Gámafélagsins um þróun flokkunar sorps í Hveragerði árin 2010-2012.

Bæjarráð leggur áherslu á að núverandi fyrirkomulag flokkunar er ástæða þess að sorphirðu og sorpurðunargjöld eru jafn lág í Hveragerði og raun ber vitni. Því er það áhyggjuefni að heldur hefur dregið úr flokkun frá því sem áður var.

Bæjarráð hvetur bæjarbúa til að kynna sér reglur sem gilda um flokkun í bæjarfélaginu og þá sérstaklega um flokkun lífræns úrgangs en það er sá flokkur sem auðveldast er að flokka í. Upplýsingar til bæjarbúa má jafnframt bæta og er ljóst að slíkt átak verður eitt af fyrstu verkum nýs umhverfisfulltrúa.

4. Framtíðarsýn og möguleikar, umræður.

Á fundinn mætti Pétur Kristinsson, fasteignasali. Rætt um framtíðarsýn og möguleika í Hveragerði. Samþykkt að halda umræðum áfram á næsta fundi bæjarráðs.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1. mars 2013.

5.2. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga frá 8. mars 2013.

5.3. Stjórn þjónusturáðs um málefni fatlaðra á Suðurlandi frá 25. janúar og 7. mars 2013.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 09:40

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)